

Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Kletti, Mosfellsbæ, þann 24. nóvember 2022, kl. 20:00.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins
3. Áritaðir reikningar kynntir
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kosning aganefndar og kjörnefndar
10. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Jóhannes Bjarni Björnsson yrði kjörinn fundarstjóri. Þa var samþykkt og tók hann til starfa og gerði tillögu um að Tómas Sigurðsson yrði kjörinn fundarritari. Það var einnig samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannað lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann og tölvupósti til félagsmanna og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemd við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins, sem er hægt að lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

<https://golfmos.is/sk%C3%BDrsla%20stj%C3%B3rnar%202022%20-%20loka%C3%BAtg%C3%A1fan.pdf>

Kári þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, Auði Þórisdóttur og Ragnheiði Ríkharðsdóttur ánægjulegt samstarf, sem og starfsfólki klúbbsins.

3. Áritaðir reikningar kynntir

Auður Ósk Þórisdóttir, gjaldkeri félagsins kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2021 til 31. október 2022. Reikningarnir ásamt áritun hafa verið birtir á vefsíðu félagsins:

<https://golfmos.is/%C3%A1rsreikningur%20gm%202022%20-%20loka%C3%BAtg%C3%A1fa%20%C3%B3undirritu%C3%B0.pdf>

Afkoma félagsins á liðnu rekstrarári var neikvæð um 13,6 milljónir kr. samanborið við jákvæða niðurstöðu um 30,8 m.kr. á fyrra ári.

Auður fór yfir rekstrarreikning félagsins og gerði grein fyrir sundurliðun á öðrum tekjum, sem eru einkum tekjur af veitingasölu, sem og vörunotkun. Launakostnaður hækkaði talsvert milli ára, úr 136 í 155 m. kr.

Þá gerði Auður grein fyrir helstu liðum í efnahagsreikningi félagsins. Eignir í árslok námu 875,8 milljónum króna og bókfært eigið fé félagsins í lok rekstrarársins nam 469,3 m.kr.

Að lokum þakkaði Auður fyrir samstarfið, en hún gefur ekki kost á sér í stjórnarkjöri.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Enginn tók til máls. Því næst bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og reikninga félagsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur voru lagðar fram til breytinga á lögum félagsins.

6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri klúbbsins, kynnti rekstraráætlun fyrir 2022-2023, sem gerir ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 329,7 m. kr. og að rekstargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 289,4 m. kr. fjármagnsgjöld verði 39 m. kr., sem leiði til hagnaðar um ríflega 1 m. kr.

Ágúst skýrði frá yfirstandandi framkvæmdum við völlinn og greindi jafnframt frá því að nýir rekstraraðilar Blik Bistro áformi að opna veitingastaðinn í byrjun desember.

Enginn annar tók til máls um rekstraráætlun komandi starfsárs.

7. Ákvörðun félagsgjalda

Kári Tryggvason, formaður kynnti tillögu að félagsgjöldum félagsins:

Félagsaðild með fullri leikheimild	139.000 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	99.000 kr.
68 ára og eldri (Full leikheimild)	105.000 kr.
68 ára og eldri (Hálf leikheimild)	76.000 kr.
Börn 12 ára og yngri	25.000 kr.
Börn 13 - 18 ára	32.000 kr.
Ungmenn 19 - 29 ára	70.000 kr.

Þá er gerð tillaga um aukaaðild, sem kosti 45.000 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði verða félagsmönnum til reiðu, innifaldir í félagsgjöldum, sem takmarkist þó við 1.500 bolta á félagi með aukaaðild.

Spurt var hvort til skoðunar sé að félagar sem spili mjög mikið greiði meira en aðrir sem spila minna. Ágúst Jensson svaraði því til að GolfBox bjóði upp á tól til að halda utanum notkun félaga, sem má nýta til að móta tillögur um gjaldtöku til framtíðar. Slík tól hafa verið rædd á formannafundum innan GSÍ. Rætt var um persónuverndarsjónarmið í því samhengi.

Eftir umræður samþykkti fundurinn tillögu um félagsgjöld samhljóða.

8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna

Kjörnefnd, skipuð þeim Guðrúnu Leósdóttur og Þorvaldi B Haukssyni, gerðu grein fyrir fyrirkomulagi kosningar til stjórnar. Auður og Ragnheiður gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Kosið er um þrjú sæti til aðalstjórnar. Þessi fimm gáfu kost á sér:

Andrea Jónsdóttir,

Arna Rún Kristjánsdóttir,

Elín Gróa Karlsdóttir,

Steinunn Þorkelsdóttir og

Steinþór Pálsson

Frambjóðendur, sem mættir voru, kynntu sig og ástæðu framboða sinna. Eftir það var gengið til kosninga.

Guðrún Leósdóttir gerði grein fyrir niðurstöðu kosningar. 86 kjörseðlar bárust. Þessir hlutu kosningu, í stafrófsröð:

Andrea Jónsdóttir

Arna Rún Kristjánsdóttir og

Steinþór Pálsson

Þessir bjóða sig fram til varastjórnar:

Arnór Daði Rafnsson

Björn Óskar Guðjónsson

Einar Már Hjartarson

Elín Gróa Karlsdóttir og

Steinunn Þorkelsdóttir

Þessi hlutu kosningu (í stafrófsröð)

Arnór Daði Rafnsson

Björn Óskar Guðjónsson

Einar Már Hjartarson og

Elín Gróa Karlsdóttir

Formaður var kosinn Kári Tryggvason, sem var einn í framboði.

Skoðunarmenn reikninga voru kosin:

Björk Jóhannsdóttir og

Elín Rósa Guðmundsdóttir

9. Kosning aganefndar og kjörnefndar

Kosið var í aganefnd og kjörnefnd til veggja ára á aðalfundi 2021. Ekki er kjörið í þau embætti nú.

Kjörnefnd er þannig skipuð:

Guðrún Leósdóttir

Óskar Sæmann Axelsson og

Þorvaldur Borgar Hauksson

Aganefnd er þannig skipuð:

Sigurður Geirsson
Guðrún Leósdóttir og
Elín Rósa Guðmundsdóttir.

Varamenn

Björn Óskar Guðjónsson og
Gunnlaugur Júlíusson

10. Önnur mál

Ragnheiður Ríkharðsdóttir þakkaði fyrir sig, en hún lætur af störfum sem stjórnarmaður og óskaði hún nýkjörinni stjórn til hamingju.

Næst tók Guðrún Leósdóttir til máls. Hún óskaði konum í GM til hamingju með góðan árangur í sumar, sem og þjálfarateymi klúbbsins. Þá vakti hún máls á að of mikið væri um að rástímar séu fráteknir vegna fyrirtækjamóta, - einkum þeger bæði bæði Bakkakot og Hlíðarvölur eru teknir frá í einu. Umgengni hópa sem . Hún óskaði eftir að félagsmenn séu ávarpaðir ágætu klúbbfélagar, fremur en Ágæti félagsmaður. Teigar verði merktir með heildarlengdum fremur en litum. Loks vakti hún máls á félagsaðstöðu fyrir félagsmenn, sem vantar utan veitingastaðarins.

Ágúst Jensson skýrði frá því að félagsaðstöðu verði breytt, nokkurn veginn til samræmis við ábendingar GL. Rástímaskráningar á vegum fyrirtækja eru skráðar og þar er skráð fyrir hvern er tekið frá. Rástímar eru sjaldan teknir frá á milli þrjú og sex. Unnið er að breytingum á teigmerkingum.

Næstur tók til máls Karl Línal, sem þakkaði stjórn og klúbbnum fyrir Palla Open, sem safnaði um 5 m.kr. undanfarin tvö ár til styrktar Hlaðgerðarkots.

Þá tók Björn Maríus Jónasson til máls. Þakkaði fyrir sig sem sem ánægður félagsmann en benti á að óánægja myndast, megi mögulega tappa af henni með fundi. Þá skoraði hann á félagsmenn að ganga betur um völlinn sinn.

Svanberg ræddi um sambýli klúbbsins við nýbyggingar nálægt 4. braut. Húsin voru byggð við golfvöll sem sem var þar fyrir. Hann lýsti ánægju með rástímaskráningum að hausti, þegar boðið er upp á að skrá sig á fyrri níu og seinni níu. Hann hvatti loks félagsmenn til bættrar umgengni og að settir verði upp fleiri ruslakassar á teiga.

Sigurður Geirsson, dómari, tók þá til máls og greindi aðalfundinum frá því að 1. janúar 2023 taki gildi nýjar golfreglur, sem birtar voru 1. nóvember s.l. Breytingarnar eru litlar og ekki til að hafa áhyggjur af. Reglunámskeið verða haldin áður en leikur hefst næsta vor.

Kári Tryggvason tók að lokum til máls og þakkaði Ragnheiði og Auði Þórisdóttur fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins og færði þeim blómvönd.

Þá kom Davíð Gunnlaugsson í pontu og veitti viðurkenningu fyrir kylfinga ársins, karl og konu. Kristján Þór Einarsson, Íslandsmeistari í golfi og stigameistari GSÍ var valinn karlkylfingur ársins og Nína Björk Geirsdóttir var valin kvenkylfingur ársins 18 ára og eldri. Klúbbmeistari í 18. sinn, lykilmaður í liði GM sem varð Íslandsmeistari 2022 í Íslandsmóti golfklúbba, þar sem hún vann alla sína leiki. Þá sæmði formaður þau bæði silfurmerki GM.

Loks þakkaði Kári það traust sem sér væri sýnt með því að velja sig formann 7. árið í röð.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri þakkað félagsmönnum fyrir góðan fund sleit fundi kl. 22:20.

Jóhannes Bjarni Björnsson
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson
fundarritari